

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 15. maí 2003, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar á Þórsbanka á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--------------------------|---------------------------|
| 1. 64° 16' N – 12° 00' V | 7. 63° 30' N – 10° 55' V |
| 2. 64° 10' N – 12° 09' V | 8. 63° 45' N – 10° 40' V |
| 3. 64° 00' N – 12° 09' V | 9. 64° 04' N – 11° 04' V |
| 4. 63° 46' N – 12° 09' V | 10. 64° 17' N – 10° 34' V |
| 5. 63° 26' N – 11° 55' V | 11. 64° 37' N – 10° 51' V |
| 6. 63° 17' N – 11° 20' V | 12. 64° 33' N – 11° 30' V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. maí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

8. maí 2003

Nr. 335

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

Reykjanesbraut, Stekkjarbakki, Smiðjuvegur, mislæg gatnamót, breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. mars 2003 og bæjarstjórn Kópavogs þann 11. mars 2003, breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Reykjanesbrautar milli Stekkjarbakka og Breiðholtsbrautar varðandi breytingar á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar, Stekkjarbakka og Smiðjuvegur og svæðisins í kringum gatnamótin.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. maí 2003.

Helga Bragadóttir,
skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar.

Birgir Sigurðsson,
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.